

**Ed.**

**777. Breytingartillögur**

[1. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins.

Frá Steingrими Aðalsteinssyni.

1. Við 1. gr. Orðin „er greiðist upp, þegar skipin hafa verið seld“ í 2. málsg. falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórnin skal gefa bæjar- og sveitarfélögum þeim, sem þessa togara vilja kaupa, forgangsrétt að því að kaupa þá, ef þau ætla að kaupa þá til eigin rekstrar. Ríkisstjórninni heimilast að lána þessum bæjar- og sveitarfélögum 85% af andvirði togaranna og nota til þess það lán, sem ríkisstjórninni í þessum lögum heimilast að taka. Lánið skal greiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum. Vextir séu hinir sömu og ríkisstjórnin greiðir.